

höfðað af nýju, en það var með sáttakæru, dags. 24. marz 1899. Með því að áfrýjandinn kom eigi til sáttafundar í málinu, þótt hann væri löglega tilkallaður, er hann með aukaréttardóminum réttilega dæmdur í sekt samkvæmt tilsk. 11. ág. 1819 og í málskostnað i héraði, og ber því að staðfesta ákvæði hins áfrýjanda dóms að þessu leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rétt að falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framantalín meðandi ummæli eiga dauð og ómerk að vera. Ákvæði aukaréttardómsins um sekt fyrir óþarfa málsýfingu og um málskostnað eiga að vera óröskuð. Málskostnaður fyrir yfirdómi fellur niður.

Ídæmd sekt og málskostnaður greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 42/1901.

Gunnar Gunnarsson  
 gegn  
 Birni Símonarsyni

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í héraði áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður í Reykjavík gegn stefnda, Birni Símonarsyni gullsmið samastadar, til greiðslu á  $\frac{4}{5}$  hlutum af 300 króna víxli, sem áfrýjandi hafði gefið út á hendur Tómasi Gunnarssyni tómt-húsmanni en stefndi skrifað aftan á nafn sitt á-

samt 2 öðrum mönnum. Var málinu ráðið til lykta með dómi bæjarþingsréttar Reykjavíkur 12. sept. f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum áfrýjanda í málinu og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda í málskostnað 10 kr.

Dómi þessum hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 4. okt. f. á., og hefir hann krafist þess, að undirréttardóminum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 240 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, eða til vara, að hann verði dæmdur til að greiða honum tiltölulegan hluta af þeirri upphæð, er þeir 3 menn, er skrifuðu aftan á fyrnefndan víxil, hefðu með því ábyrgst, og hvernig sem fer, hefir hann krafist þess, að stefndi verði dæmdur í málskostnað fyrir báðum dómum, eftir réttarins mati. Stefndi hefir aftur á móti krafist þess, að dómurinn verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með þeirri upphæð, er rétturinn ettir öllum atvikum álitu nægja.

Víxil þann, er mál þetta er sprottið af, gaf áfrýjandinn út til Landsbankans 20. des. 1900 á hendur tómtúsmanni Tómasi Gunnarssyni í Reykjavík, fyrir 300 kr., og rituðu aftan á víxilinn nöfn sín stefndi og 2 menn aðrir. Gjalddagi víxilsins var 20. maí f. á. og daginn eftir, 21. maí, innleysti áfrýjandi víxilinn, án þess Tómasi, sem hafði ritað samþykki á víxilinn, væri sýndur hann, eða hann krafinn um borgun. Áfrýjandi hefir haldið því fram, að stefndi og þeir 2 menn, sem með



honum rituðu nöfn sín attan á víxilinn, hafi með því gerst ábyrgðarmenn greiðanda víxilsins og samþykkjanda, Tómasar Gunnarssonar, gagnvart sér sem útgefanda, og hafi hann því getað, er hann hafði innleyst víxilinn, krafist allrar víxilupphæðarinnar hjá hverjum þeirra, er hann vildi kjósa að heimta hana af, þar sem þeir ábyrgðust einn fyrir alla og allir fyrir einn, en hann hefir aðeins krafist  $\frac{4}{5}$  hluta upphæðarinnar af stefnda, með því að hann kveðst ætla sjálfur að bera  $\frac{1}{5}$  af skaðanum af greiðslufallinu. Af áritun stefnda aftan á víxilinn verður eigi ráðið neitt um það, með hverjum hann og þeir 2 menn, sem með honum rituðu nöfn sín á víxilinn, hafi viljað ábyrgjast greiðslu víxilsins, hvort heldur með útgefanda hans eða greiðanda, en stefndi hefir neitað því, að hann hafi gerst með árituninni ábyrgðarmaður greiðanda (Tómasar), en hefir aftur á móti fullyrt, að hann og hinir 2 mennirnir hafi aðeins ritað á víxilinu fyrir beiðni áfrýjanda og í hans þágu, sem ábyrgðarmenn fyrir hann, til þess að hann gæti selt Landsbankanum víxilinn og fengið með því peningalán. Áfrýjandi hefir ekki fært fram neina sönnun gegn þessari fullyrðingu stefnda, en hún styrkist hins vegar mjög við það, að áfrýjandi seldi sjálfur bankanum víxilinn og tók til sín peningana fyrir hann, og við það, að hann innleysti sjálfur víxilinn, þegar hann féll í gjalddaga, án þess að láta krefja greiðanda og samþykkjanda um upphæðina, eða láta afsagnargjörð fram fara hjá honum, en þetta bendir til þess,

að hann hafi álitid sig aðalskuldara að víxilupp-  
hæðinni.

Með því að áfrýjandinn hefir þannig eigi sann-  
að, að hann eigi aðgang að stefnda með endur-  
greiðslu umræddrar víxilupphæðar að öllu eða  
nokkru leyti, verður að fallast á það, að bæjar-  
þingsdómurinn hefir sýknað stefnda af kröfum á-  
frýjanda í málinu og ber því að staðfesta bæjar-  
þingsdóminn, einnig að því er málskostnaðarákvæði  
hans snertir. Eftir úrslitum málsins ber áfrýjanda  
að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi með  
20 krónum.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður.  
Áfrýjandinn Gunnar Gunnarsson trésmiður  
greiði stefnda Birni Símonarsyni gullsmið í  
málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur og lúk-  
ist málskostnaðurinn innan 8 vikna frá lög-  
birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 38/1901.

Verzlunarstjóri  
Þórður Guðjohnsen  
f. h. verzlunar Örum & Wulffs  
á Húsavík  
gegn  
hreppsnefnd Hálshrepps.

U r s k u r ð u r:

Hinn skipaði talsmaður hreppsnefndarinnar